

eða þ. u. l.), skal hún tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum og afhenda þeim það til meðferðar. **116**  
17. okt.

### 8. gr.

Nefndirnar skulu standa í sambandi og samvinnu við ráðunaut ríkisins í áfengismálum, sem fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefir yfirumsjón með störfum þeirra. Skulu þær geta snúið sér til hans til að fá bendingar og upplýsingar, er þær kynnu að þarfnast og hann getur látið þeim í té. — Einnig skulu þær gefa honum allar upplýsingar um áfengismálið, sem hann biður um og þær geta í té látið, ásamt árlegri skýrslu um störf sín. Skal þeim í því skyni séð fyrir skýrsluformi til útfyllingar. — Skýrslum skal skilað um áramót.

### 9. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum skal skylt að sjá nefndunum fyrir hús-næði til nauðsynlegra funda. Annar kostnaður, sem verða kann af störfum áfengisvarnarnefnda, og ekki lögum samkvæmt, á að greiðast af bæjar- eða hreppsfé, greiðist úr rikissjóði.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 17. október 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

um bann við umferð bifreiða.

**117**

13. nóv.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 101 19. júní 1933, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegunum. Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því, að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slikt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabili 14. nóv. 1935 til 10. júní 1936 leggja við bifreiða-umferð um eftirtalda vegi:

I. Þjóðvegi hvar sem er á landinu.

II. Sýsluvegi í þessum sýslum:

Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyja-fjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

- 117** Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum  
13. nóv. mönnum í héraði, þegar talið er að vegurinn liggja mjög undir skemmdum vegna bleytu og holklaka, að auglýsa hann við bifreiðaumferð um vegina og að setja nánari ákvæði um framkvæmd hannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðneytið, 13. nóv. 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**118**

20. nóv.

## REGLUGERÐ

um útflutning á ísuðum, nýjum fiski í kössum.

Samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á sjávarafurðum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um útflutning á ísuðum, nýjum fiski í kössum. Ákvæði þessi taka þó ekki til síldar, skelfisks, sjóbirtings, lax eða annara vatnafisktegunda.

### 1. gr.

Ísaðan fisk í kössum má ekki flytja til útlanda frá íslenskum höfnum, nema hann hafi áður verið metinn útflutningshæfur af fiskimatsmanni og vottorð um það hafi verið ritað á farmskirteini það, er fylgir fiskinum, á einhverri af eftirtöldum höfnum:

Reykjavík,  
Vestmannaeyjar,  
Fáskrúðsfjörður.

Þegar sérstaklega stendur á og um beinar ferðir er að ræða til útlanda, getur fiskimálanefnd veitt undanþágu fyrir aðrar hafnir.

### 2. gr.

Til útflutnings á nýjum fiski skulu eingöngu notaðar þessar stærðir af kössum:

- Heilkassar.* Lengd 91 cm, breidd 51 cm, hæð 32 cm (utanmál).
- Hálfkassar.* Lengd 91 cm, breidd 51 cm, hæð 20 cm (utanmál).
- Heimilt er að nota stærri kassa fyrir lúðu, sem er yfir 5 kg á þyngd.

Kassarnir séu úr góðu efni, 2 cm þykku í göflum og 1,6 cm í hliðum, botni og loki og séu hafðir innan í þeim hornstólpar 5×3 cm. Ennfremur séu hafðir okar innan á loki kassanna með sömu þykkt og er í kössunum.

Kassarnir skulu smíðaðir úr óhefluðu greni eða furu. Efnið á að vera vel þurrt svo samskeyti verði slétt.